

Norð-Vesturhlið



Suð-Vestur




Suð-Austurhlið




Afstöðumynd M= 1:500

**Stutt byggingarlýsing:**

Húsið byggist við Suð-Vesturenda núverandi svínahúss.
Sökklar steypist á fasta undirstöðu eða vel þjappaða möl.
Haugrör leggist í sand með 5 % halla og tengist við kerfi í núverandi svínahúsi og þaðan í haughús.
Flór og gólfplata steypist á vel þjappaða fyllingu. Undir gólf í stíum skal einangra með 50 mm frauðplasti (gólfplasti). Gólf í stíum skal pússa með réttum halla (sjá teikningar frá framleiðanda innréttinga) að flórum. Gæta skal þess að gólf verði slétt en ekki hál og að yfirborð gólfsteypu verði sterkt.
Veggir steypist tvöfaldir með plasteinangrun á milli innra og ytra veggbyrðis. Sandsementkústist og málist að utan og innan.
Glugga skal smíða úr gegnvörðu efni, gler er tvöfalt verksmiðjugler.
Hluti glugga er með lausu fagi vegna neyðarloftræstingar, sjá teikningu.
Þak er klætt bárujárni eða lituðu þakstáli. Þar undir öndunarpappi, 150 mm steinullareinangrun, þolplastdúkur og klæðning úr rakaheldum spóna-eða krossviðarplötum eða bárustáli.
Loftræstikerfi er vélrænt, í smágrísa- og gotdeild skal draga loft inn á ganginn framan við þessar deildir og dreifa því með loftstokkum.
Útblástursviftur komi í strompa á þaki. Í geldgyltudeild komi loftinntak í þakstrompi eða í stokkum. Útblástur í þaki. Varðandi staðsetningu strompa skal fara eftir teikningum frá framleiðanda loftræstikerfis.
Heildarafköst loftræstikerfis skulu vera a.m.k. 10.000 $m^3$/klst.

**Stærð:**
280,1 $m^2$ 952,3 $m^3$

BYGGINGAÞJÓNUSTA BÚNAÐARFÉLAGS ÍSLANDS
BÆNDAHÖLLINNI, 107 REYKJAVÍK, S: 91 - 19200

Heiðabær 2, Þingvallahreppi, Árness.
Viðbygging við svínahús.
Útlit, afstaða.

| | |
|---|---|
| TEIKNING NR. | 0319 - 40 |
| BLAÐ NR. | 2 af 4 |
| MÆLIKVARÐI | 1:100 1:500 |
| DAGSETNING | 23/10/1993 |
| HANNAÐ M.S. | TEIKNAÐ |